

## Stjórnarfundur GHG þriðjudaginn 28.04.2015 kl. 19:30 í golfskála - nr. 6

Mættir: Auðunn, Erlingur, Össur, Hjörtur, Morten, Ingibjörg, Steingrímur, Alfreð og Ólafur.

Auðunn setur fundinn

### 1. Afgreiðsla fundargerðar stjórnarfundar 14. apríl.

Fundagerð frá 14. apríl lögð fram og samþykkt samhljóða.

### 2. Starfsmannamál

Á starfsmannafundi sem haldinn var í gær voru lögð drög að vinnuþlani sumarsins. Í skála er gert ráð fyrir einum stafsmanni að jafnaði. Fleiri eftir þörfum. Stefnt verði að opnun vallar og skála á sama tíma. Sennilega um 10 maí ef veður leyfir.

### 3. Skipan liðsstjóra fyrir sveitakeppnir GSÍ - eftirstöðvar frá síðasta fundi

Liðstjóri kvenna verður Harpa Rós Björgvinsdóttir og mun hún sjá um að finna einhvern sér til aðstoðar.

### 4. GSÍ kort

Stjórnin ákvað skiptingun GSÍ korta.

### 5. Starfsáætlanir nefnda - kynning frá nefndarformönnum á starfsáætlunum og afgreiðsla þeirra.

Formenn nefnda fóru yfir sínar áætlanir og áherslur. Þær verða síðan kynntar á almennum félagsfundi.

### 6. Önnur mál

Hugmynd kom fram um hvort ætti að styrkja afreksspilarana til þáttöku í t.d Eimskipsmótaröðinni.

Ákveðið var að móta stefnu í málinu. Samhljómur var um það. Hvort sem verður að stofna sjóð eða önnur leið fundin.

Félagsfundur til kynningar hafði verið áætlaður 4.maí verður frestað til 5.maí klukkan 20:00

Fundi slitið klukkan 21:09

Fundargerð skráði Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir